

Ár 2014, fimmtudaginn 18. september kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir og Njörður Sigurðsson. Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Formaður lagði fram eftirfarandi dagskrárbreytingartillögu. Við bætist liður 3.3. Umsögn um námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Tillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

- 1.1. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu frá 1. september 2014.**
Í bréfinu er óskað eftir umsögn um nýja reglugerð um starfsemi slökkviliða.
Lagt fram til kynningar.
- 1.2. **Mennta- og menningarmálaráðuneytinu frá 9. september 2014.**
Í bréfinu er kynnt rannsókn á högum barna og ungmenna sem ráðuneytið stendur fyrir undir heitinu „Ungt fólk“.
Lagt fram til kynningar.
- 1.3. **Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga frá 3. september 2014.**
Í bréfinu eru kjörbréf og upplýsingar um ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldið verður á Kirkjubæjarklaustri 21. og 22. október nk.
Lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að ganga frá kjörbréfum fyrir fulltrúa Hveragerðisbæjar.
- 1.4. **Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga frá 8. september 2014.**
Í bréfinu er rætt um þróun almenningsamgangna á Suðurlandi 2010 – 2014.
Bæjarráð tekur undir áhyggjur þær sem fram koma í bréfinu af rekstri almenningsamgangna á Suðurlandi. Það hlýtur að teljast eðlilegt að ríkisvaldið komi að almenningsamgöngum með þeim hætti að sveitarfélögin geti þróað þær í takt við kröfur um vistvænan ferðamáta og óskir íbúa. Tryggja þarf einkarétt landshlutasamtaka til reksturs almenningsamgangna á sínu svæði ásamt því að hækka hlutfall endurgreiðslu olúgjalds eða auka framlög til málaflokksins að öðrum kosti.
Bæjarráð telur afar brýnt að lending náist í þessum málum hið allra fyrsta því ljóst er að þjónusta landshlutasamtakanna er til fyrirmyndar á þessu sviði eins og sífellt fleiri farþegar eru best vitnisburðurinn um.

1.5. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands frá 2. september 2014.

Í bréfinu er bókun frá fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 29. ágúst vegna aðalfundar HES en hann verður haldinn á sama tíma og árþing SASS.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við breyttan fundartíma.

1.6. Samtökum ungra bænda frá 4. september 2014.

Í bréfinu er ályktun frá Samtökum ungra bænda þar sem samtökin hvetja sveitarstjórnarfulltrúa til að kynna sér og nýta heimildir í skipulagslögum við gerð aðal- og deiliskipulags til að varðveita landbúnaðarland.

Lagt fram til kynningar.

1.7. Undirbúningshóp „Bókabæja austanfjalls“ ódagsett.

Í bréfinu er boðað til stofnfundar Bókabæjanna austanfjalls sem haldin verður í sal Fjölbrautaskóla Suðurlands 27. september n.k.

Með bréfinu fylgdi greinargerð, svót-greining, verkáætlun og fjárhagsáætlun vegna Bókabæjar austanfjalls.

Bæjarráð samþykkir að gerast aðili að Bókabæir austanfjalls en öllum fjárhagslegum útgjöldum er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.8. Listaháskóla Íslands frá 15. september 2014.

Í bréfinu óskar Listaháskóli Íslands eftir samstarfi við Hveragerðisbæ um þriggja vikna rannsóknar- og hönnunarverkefni meistaranema í hönnun 22. september – 10. október.

Bæjarráð samþykkir erindið.

1.9. Fjárlaganefnd frá 16. september 2014.

Í bréfinu eru kynntir fundir fjárlaganefndar Alþingis með sveitarstjórnnum haustið 2014.

Bæjarstjóra og formanni bæjarráðs falið að óska eftir tíma með nefndinni.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Minnisblað frá bæjarstjórn Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss v/ leikskólamála frá 16. september 2014.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjórnunum þar sem gert er grein fyrir viðræðum sem hafa átt sér stað milli fulltrúa Hveragerðisbæjar og sveitarfélagsins Ölfuss um mögulega þátttöku Sveitarfélagsins Ölfuss í rekstri á leikskólum í Hveragerðisbæ.

Lögð fram eftirfarandi tillaga:

Sveitarfélagið Ölfuss eignist 9% hlut í leikskólum Hveragerðisbæjar gegn greiðslu sama hlutfalls í uppreiknuðu endurstofnverði leikskólans Óskalands. Börn á leikskólaaldri með lögheimili í dreifbýli Sveitarfélagsins Ölfuss njóti í kjölfarið sama aðgengis að leikskólum í Hveragerðisbæ og börn með lögheimili í Hveragerðisbæ. Sveitarfélagið Ölfus mun greiða rekstrarkostnað leikskólanna í hlutfalli við barnafjölda úr sveitarfélaginu á hverjum tíma. Kostnaður vegna barna sem þurfa sérstakan stuðning verður metinn sérstaklega og um hann samið hverju sinni.

Jafnframt er lagt til að samstarfssamningur milli sveitarfélaganna, með gildi frá 1. janúar 2004, sem m.a. tekur á skólamállum verði endurskoðaður og lagður fyrir bæjarstjórnir sveitarfélaganna til staðfestingar í október 2014. Í samningnum verði gert ráð fyrir því að eignarhlutur Ölfusinga í leikskólum Hveragerðisbæjar verði 9% og verði kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins Ölfuss vegna framtíðar uppbyggingar leikskólamannvirkja og viðhalds í samræmi við það.

Í ljósi þessarar afgreiðslu mun þeim börnum úr Ölfusi sem nú eru á biðlista eftir leikskólaplássum í leikskólum Hveragerðisbæjar verða boðið pláss á leikskólum Hveragerðisbæjar hið allra fyrsta

Samþykkt með atkvæðum Ninnu Sif Svavarsdóttur og Njarðar Sigurðssonar. Unnur Þormóðsdóttir sat hjá.

2.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ íbúðalánasjóðs frá 16. september 2014.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna fundar hennar með Íbúðalánasjóði vegna íbúða sem sjóðurinn á í Hveragerði.

Bæjarráð fagnar því hversu vel og skilmerkilega Íbúðalánasjóður hefur gefið upplýsingar um eignastöðu sína hér í Hveragerði. Ljóst er að miðað við þær upplýsingar sem hér liggja fyrir að ekki er við Íbúðalánasjóð að sakast þegar fjallað er um skort á leiguhúsnæði í bæjarfélaginu. Íbúðalánasjóður er þó hvattur til að vera vakandi fyrir öllum möguleikum sem skapast til útleigu húsnæðis í bæjarfélaginu enda er þörfin brýn.

2.3. **Minnisblað frá bæjarstjóra v/ gerðar atvinnustefnu Hveragerðisbæjar frá 16. september 2014.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra vegna gerðar atvinnustefnu Hveragerðisbæjar undir handleiðslu atvinnuráðgjafa SASS.

Bæjarráð samþykkir að boða til fundur með íbúum, atvinnurekendum og helstu áhugamönnum um atvinnuuppbyggingu í Hveragerði þar sem farið verði yfir helstu gildi Hveragerðisbæjar og þá möguleika sem felast í þeim hvað varðar framtíðar uppbyggingu atvinnulífs.

Bæjarráð samþykkir að boða til íbúafundar í heimskaffis stíl um

atvinnumál næstkomandi þriðjudag kl. 17 í Grunnskólanum í Hveragerði.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Umsögn skólaþjónustu v/ beiðni til bæjarráðs Hveragerðis um aukið stöðugildi við leikskólann Óskaland frá 4. september 2014.

Lögð fram umsögn skólaþjónustu vegna óskar leikskólans Óskalands um aukið stöðugildi á einni leikskóladeild.

Bæjarráð samþykkir að auka við stöðugildi á umræddri deild. Kostnaður verði tekinn af lið 21-01-9990.

3.2. Samningur við nemendur 7. bekkjar í Grunnskólanum í Hveragerði um umhverfishreinsun frá 15. september 2014.

Lagður fram samningur við nemendur 7. bekkjar í GíH um umhverfishreinsun skólaveturinn 2014-2015.

Samningurinn samþykktur.

3.3. Umsögn um skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsögn um áframhaldandi skólavist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.

Bæjarráð samþykkir að nemandinn verði áfram í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.

4. Verkfundargerðir:

4.1. Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 15. september 2014.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5. Fundargerðir til kynningar:

5.1. Stjórnar þjónustusvæðis um málefni fatlaðs fólks frá 13. júní og 3. september 2014.

5.2. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 10. september 2014.

5.3. NOS frá 4. september 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:36

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Njörður Sigurðsson, (sign.)

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)